



Fjársjóður fjalla og fjarða – verkefnisáætlun

Framtíðarsýn og markmið
Júní 2025



REYKHÓLAHREPPUR
UNADUR AUGANS



BYGGÐASTOFNUN



Inngangur

Í þessari samantekt, verkefnisáætlun Fjársjóðs fjalla og fjarða, verður gerð grein fyrir framtíðarsýn íbúa og dregin saman meginmarkmið á grunni skilaboða frá íbúáþingi sem haldið var í Reykhólahreppi í mars 2025. Á íbúáþinginu unnu íbúar undir stjórn Sigurborgar Kr. Hannesdóttur frá ráðgjafafyrirtækinu Ildi í tveggja daga vinnustofum. Undir hverju meginmarkmiði eru starfsmarkmið sem vísa til meginmarkmiðsins og eru þau sett fram sem SMART markmið þ.e. skýr, mælanleg, aðgerðamiðuð, raunhæf og tímasett. Starfsmarkmiðin eru líkt og meginmarkmiðin einnig byggð á skilaboðum frá íbúáþinginu, auk stöðugreiningar verkefnisstjórnar þar sem sérstaða byggðarlagsins, atvinnulíf og íbúapróun er dregin fram. Verkefnisáætlunin skiptist í þrjú meginmarkmið og 48 tímasett starfsmarkmið. Verkefnisáætlunin, framtíðarsýnin, megin- og starfsmarkmiðin voru borin undir íbúa til samþykktar á íbúafundi sem haldinn var þann 19.06.2025 í Reykhólahreppi. Fundurinn var mjög vel sóttur og íbúum sendar bestu þakkir fyrir góðar ábendingar. Sumpart koma þær fram í breyttum markmiðum en það er þó ekki algilt, verkefnisstjóri mun í öðrum tilvikum taka tillit til ábendinga í frekari vinnu við verkefnið. Íbúum mun gefast færi á að endurskoða starfsmarkmið á árlegum íbúafundum verkefnisins.

Hugtakanotkun og orðskýringar:

Brothættar byggðir: Verkefnið Brothættar byggðir sem verkfæri/verklag á landsvísu.

„Brothætt byggð“: Verkefni Brothættra byggða í einstökum þátttökubbyggðarlögum fá sérstök heiti. Hugtakið „brothætt byggð“ er hér notað um verkefnið í einstökum byggðarlögum.

Byggðarlag/byggð: Orðið byggðarlag eða byggð er hér notað um samfélag sem markast af landfræðilegum og menningarlegum aðstæðum, fremur en sveitarfélagamörkum.

Framtíðarsýn: Mynd sem lýsir framtíðarstöðu við lok stefnumótunartímabils í brothættri byggð.

Meginmarkmið: Þrjú til fjögur markmið sem styðja framtíðarsýn og fela í sér skilgreiningu framtíðarstöðu í þeim áhersluþáttum sem hafa verið valdir og mótaðir innan verkefnisins Brothættar byggðir.

Starfsmarkmið: Markmið sem styður tiltekið meginmarkmið. Á grundvelli þess má

útfæra með mælanlegum hætti hvernig tiltekinn ábyrgðaraðili þess mun beita sér og innan hvaða tímaramma.

Stefnumótun: Að móta skýra sýn á það hvert á að stefna með þátttöku byggðarlags í verkefni um brothætta byggð. Það felur meðal annars í sér að móta framtíðarsýn, meginmarkmið, starfsmarkmið og tillögur um aðgerðir.

Stöðugreining: Yfirlit og greining helstu þátta er einkenna stöðu byggðarlags og framtíðarhorfur. Dæmi eru þróun í fjölda og aldursdreifingu íbúa, þróun í atvinnulífi, menningarlífi, svo og umfjöllun um helstu áætlanir og ytri áhrifapætti sem varða framtíð viðkomandi byggðarlags.

SMART markmið: Markmiðasetning, hér fyrir starfsmarkmið, þar sem þess er gætt að starfsmarkmiðin séu skýr, mælanleg, aðgerðamiðuð, raunhæf og tímasett.

Verkefnisstjórn


Í hverju verkefni Brothættra byggða sitja í verkefnisstjórn fulltrúar viðkomandi sveitarfélags, landshlutasamtaka, Byggðastofnunar og íbúa. Starf verkefnisstjóra er vistað hjá Vestfjarðastofu. Verkefnisstjóri er **Embla Dögg Bachmann**.



(Mynd: KPH)

Í verkefnisstjórn Fjársjóðs fjalla og fjarða sitja eftirtaldir aðilar:

- **Hrefna Jónsdóttir, fulltrúi Reykhólahrepps**
- **Aðalsteinn Óskarsson, fulltrúi Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga**
- **Guðlaug G. I. M. Bergsveinsdóttir, fulltrúi íbúa**
- **Vésteinn Tryggvason, fulltrúi íbúa**
- **Kristján Þ. Halldórsson, fulltrúi Byggðastofnunar**
- **Helga Harðardóttir, fulltrúi Byggðastofnunar**



Greining á Styrkleikum – Veikleikum – Ógnunum og Tækifærum í Reykhólahreppi

Skýringar: Nýsköpun út frá styrkleikum svæðisins, hringrásarhagkerfi. (Þörungamiðstöðin, Háskóla-og/eða nýsköpunarsetur, grænir iðngarðar).



(Mynd: KPH)

Framtíðarsýn 2030

Í Reykhólahreppi er framfarasinnað, umburðarlynt og samhent samfélag þar sem fjölbreytt og samheldin flóra íbúa styrkir atvinnu- og menningarlíf. Samfélagið hefur blómstrað með virku menningar- og íþróttastarfi sem tryggir íbúum tækifæri til að njóta áhugamála og jafnvægis milli vinnu og frítíma.

Með frumkvæði sem lykilorð hefur byggðin blómstrað. Lagður hefur verið grunnur að nýjum byggðakjarna í Króksfjarðarnesi og byggðin í Flatey hefur styrkst.

Jarðhitaauðlindir hafa verið metnar og eru nú nýttar í sátt við umhverfi og samfélag og leggja grunn að öflugum og fjölbreyttu atvinnulífi sem byggir á hringrásarhugsun. Þróun í ferðaþjónustu, landbúnaði og þörungavinnslu undirstrika nýsköpun og sjálfbærni sem drifkrafta framtíðarinnar. Reykhólahreppur er því staður þar sem náttúruvernd og samfélagsþróun ganga hönd í hönd.

Mynd 1 Markmið og framtíðarsýn eru að mestu byggð á niðurstöðum íbúapings en taka jafnframt mið af greiningu á stöðu byggðarlagsins

Meginmarkmiðunum þremur er ætlað að draga fram helstu þætti framtíðarsýnar og þar með áherslur í verkefninu Fjársjóði fjalla og fjarða. Eftirfarandi starfsmarkmið eru nánari, tímasett útfærsla á meginmarkmiðunum. Röð meginmarkmiðanna er ekki ætlað að gefa til kynna forgang þeirra í verkefninu en til hægðarauka er þeim gefið hlaupandi númer 1, 2 og 3, til aðgreiningar og til að auka yfirsýn yfir starfsmarkmiðin. Hið sama á við um starfsmarkmiðin, númerin gefa ekki til kynna forgangs röðun en á hinn bóginn felur tímasetning markmiðanna í sér viðmið um forgangs röðun.

Meginmarkmið

- Jákvætt og umburðarlynt samfélag
- Samstaða um auðlindanýtingu
- Frjótt atvinnu- og mannlíf

Meginmarkmið 1: Jákvætt og umburðarlynt samfélag



Starfsmarkmið 1.1 **Undirbúningur fyrir mótun á gildum fyrir samfélagið. Lok undirbúnings áramót 2025/2026.**

Ábyrgð: Verkefnisstjóri FFF.

Starfsmarkmið 1.2 **Að gildi samfélagsins í Reykhólahreppi verði lögð fyrir til afgreiðslu á íbúafundi haustið 2026.**

Ábyrgð: Verkefnisstjóri, íbúar og verkefnisstjórn FFF.

Starfsmarkmið 1.3 **„Hrósvikur“ í Reykhólahreppi skipulagðar, tímasettar og framkvæmdar reglubundið á verkefnistímanum. Í fyrsta sinn 2026.**

Ábyrgð: Verkefnisstjóri og íbúar.

Starfsmarkmið 1.4 **Tveir vinnustaðir bjóði upp á opið hús/kynningu á starfsemi sinni á hverju ári á verkefnistímanum. Í fyrsta sinn 2025.**

Ábyrgð: Verkefnisstjóri í samráði við sveitarfélag, forstöðumenn stofnana og fyrirtækja.

Starfsmarkmið 1.5 **Endurvekja Barmahlíðardaginn, hátíð á sumardaginn fyrsta 23. apríl 2026.**

Ábyrgð: Verkefnisstjóri, starfsfólk, íbúar Barmahlíðar í samstarfi við sveitarfélagið, Vinafélag Barmahlíðar og fleiri samtök á svæðinu.

Starfsmarkmið 1.6 **Haldinn samráðsfundur fyrir árslok 2025 með öllum félagasamtökum á svæðinu og farið yfir stöðuna á viðburðahaldi með það að markmiði að fjölga viðburðum.**

Ábyrgð: Verkefnisstjóri, félagasamtök og áhugasamir íbúar.

- Starfsmarkmið 1.7 **Greina hentugar húsnæðislausnir, félagsheimili eða samfélagsmiðstöð ásamt útisvæði, fyrir viðburði og fjölbreytt félagsstarf fyrir alla aldurshópa fyrir árslok 2027.**
Ábyrgð: Verkefnisstjóri, sveitarfélag, félagasamtök.
- Starfsmarkmið 1.8 **Finna farveg fyrir formlegt menningarstarf fyrir lok árs 2025.**
Ábyrgð: Verkefnisstjóri FFF, félagasamtök.
- Starfsmarkmið 1.9 **Menningarfélag/skemmtifélag tekur til starfa og leggur drög að dagskrá um viðburði/námskeið/samverustundir og þ.h. fyrir lok maí 2026.**
Ábyrgð: Verkefnisstjóri FFF og félagasamtök.
- Starfsmarkmið 1.10 **Móttökuáætlun fyrir nýja íbúa mótuð og sett fram á viðeigandi tungumálum, útgefin fyrir lok árs 2026.**
Ábyrgð: Sveitarfélag.
- Starfsmarkmið 1.11 **Finna hentugar leiðir til upplýsingagjafar og miðlunar t.d. um viðburði og þ.h. fyrir íbúa og gesti og koma þeim á framfæri fyrir sumar 2026.**
Ábyrgð: Verkefnisstjóri FFF, stjórn Menningar-/skemmtifélags og sveitarfélag.
- Starfsmarkmið 1.12 **Greina hentugar lausnir, fyrir íþróttaaðstöðu bæði innan- og utan húss fyrir allan aldur fyrir árslok 2027.**
Ábyrgð: Umsjónarmaður íþróttamannvirkja, verkefnisstjóri FFF, Stjórn Ungmennafélagsins Aftureldingar og tómstundafulltrúi.
- Starfsmarkmið 1.13 **Móta framtíðarsýn um endurbætur á sundlaugarsvæði á Reykhólum, fyrir lok árs 2028.**
Ábyrgð: Sveitarfélag og starfsfólk sundlaugar, Ungmennafélag Aftureldingar, verkefnisstjóri FFF.

- Starfsmarkmið 1.14 **Leita leiða til að bæta hljóðvist í anddyri íþróttahúss fyrir lok árs 2029.**
Ábyrgð: Sveitarfélag.
- Starfsmarkmið 1.15 **Gera Reykhóla/Reykhólahrepp að „göngu-/hjólreiðamiðuðu samfélagi“, búa til gönguleiðakort fyrir árslok 2027.**
Ábyrgð: Verkefnisstjóri FFF, Ungmennafélagið Afturelding, sveitarfélagið, íbúar og velunnarar samfélagsins.
- Starfsmarkmið 1.16 **Stuðla að aukinni hreyfingu með bættri aðstöðu, svo sem með „hreyfingargarði“ fyrir hjólabretti, útilíkamsræktartækjum, parkour/götufimleikum eða klifurvegg fyrir árslok 2028.**
Ábyrgð: Verkefnisstjóri FFF, Ungmennafélagið Afturelding, sveitarfélagið.
- Starfsmarkmið 1.17 **Bæta aðstæður til hreyfingar og líkamsræktar utandyrna, a.m.k. ein aðgerð á ári til ársins 2029.**
Ábyrgð: Sveitarfélag, verkefnisstjóri FFF, Ungmennafélagið Afturelding.
- Starfsmarkmið 1.18 **Kannaður verður grundvöllur þess að sveitarfélagið taki þátt í verkefninu *Heilsueflandi samfélag* hjá embætti landlæknis fyrir vorið 2026.**
Ábyrgð: Sveitarfélag, grunnskólinn, verkefnisstjóri og verkefnisstjórn FFF.
- Starfsmarkmið 1.19 **Fegrun umhverfis – umhverfis dagar – samkeppni um snyrtilegt umhverfi, í fyrsta sinn 2025 og einu sinni á ári eftir það.**
Ábyrgð: Sveitarfélagið.
- Starfsmarkmið 1.20 **Óska eftir því að sveitarfélagið geri Vaðalfjöll að formlegu bæjar-/staðarfjalli**
Ábyrgð: Sveitarfélagið og verkefnisstjóri FFF.



(Mynd: KPH)

Meginmarkmið 2: Samstaða um auðlindanýtingu



Starfsmarkmið 2.1 Mótuð hafi verið og samþykkt áætlun um varðaða leið til samkomulags hagaðila um mat á afkastagetu, kortlagningu og nýtingu jarðhita á Reykhólum fyrir lok nóvember 2025.

Ábyrgð: Sveitarfélagið.

Samráð: Verkefnisstjóri FFF, Umhverfis- og orkustofnun, Ríkiseignir, aðrir réttshafar auðlindarinnar, Orkubú Vestfjarða og stórnotendur vatns.

Starfsmarkmið 2.2 Fyrir liggja samkomulag á milli hagaðila um nýtingu jarðhita á Reykhólum fyrir lok febrúar 2027.

Ábyrgð: Sveitarfélagið.

Samráð: Verkefnisstjóri FFF, Umhverfis- og orkustofnun, Ríkiseignir, aðrir réttshafar auðlindarinnar, Orkubú Vestfjarða og stórnotendur vatns.

Starfsmarkmið 2.3 **Reykholahreppur hafi mótað skýra stefnu og umgjörð/regluverk um möguleika á nýtingu jarðhita á Reykhólum til minniháttar iðnaðarnota (þ.m.t. ylræktar) fyrir lok árs 2027.**

Ábyrgð: Sveitarfélagið.

Samráð: Verkefnisstjóri FFF, fulltrúar minni aðila, þ.e. mögulegra notenda.

Starfsmarkmið 2.4 **Komin verði fjármögnuð áætlun um leit að nýtanlegum jarðhita í Króksfjarðarnesi fyrir lok árs 2026.**

Ábyrgð: Sveitarfélagið.

Samráð: Verkefnisstjóri FFF, Orkubú Vestfjarða, Umhverfis- og Orkustofnun, Orkusjóður.

Starfsmarkmið 2.5 **Komin verði fjármögnuð áætlun um leit að nýtanlegum jarðhita í Flatey fyrir lok árs 2026.**

Ábyrgð: Sveitarfélagið.

Samráð: Verkefnisstjóri FFF, Orkubú Vestfjarða, Umhverfis- og Orkustofnun, Orkusjóður.

Starfsmarkmið 2.6 **Gerð verði gróf forathugun á möguleikum á nýtingu á heitu vatni og dreifingu þess til íbúðarhúsa og mögulegs atvinnu- og iðnaðarhúsnæðis á Króksfjarðarnesi fyrir mitt ár 2027 (ef ske kynni að vatn finnist í nýtanlegu magni).**

Ábyrgð: Sveitarfélagið.

Samráð: Verkefnisstjóri FFF, Orkubú Vestfjarða, Umhverfis- og Orkustofnun, Orkusjóður.

Starfsmarkmið 2.7 **Gerð verði gróf forathugun á möguleikum á nýtingu á heitu vatni og dreifingu þess til íbúðarhúsa og annars húsnæðis í Flatey fyrir mitt ár 2027 (ef ske kynni að vatn finnist í nýtanlegu magni).**

Ábyrgð: Sveitarfélagið.

Samráð: Verkefnisstjóri FFF, Orkubú Vestfjarða, Umhverfis- og Orkustofnun, Orkusjóður.

Starfsmarkmið 2.8 **Skipuleggja öruggar gönguleiðir um hverina á svæðinu/Reykhólum fyrir vor 2026.**

Ábyrgð: Sveitarfélag, verkefnisstjóri FFF og áhugasamir íbúar.

Starfsmarkmið 2.9 **Kanna möguleika og gera viðskiptaáætlun fyrir uppbyggingu „samfélagsgróðurhúss“ á hentugu svæði á Reykhólum fyrir árslok 2027.**

Ábyrgð: Verkefnisstjóri FFF, sveitarfélag, áhugasamir íbúar.

Starfsmarkmið 2.10 **Bjóða upp á fræðslu fyrir nemendur í leik- og grunnskólanum, sem henta þeirra aldursskeiði, um ylrækt, helst á vettvangi, frá og með skólaárinu 2025-2026.**

Ábyrgð: Starfsfólk skóla, sveitarfélag og verkefnisstjóri FFF.

Starfsmarkmið 2.11 **Kanna grundvöll fyrir nýtingu affalls af heita vatninu til ræktunar í gróðurhúsum, fyrir lok árs 2027.**

Ábyrgð: Sveitarfélag, verkefnisstjóri FFF og aðrir hagaðilar.

Starfsmarkmið 2.12 **Koma upp hringrásarkerfi til að tryggja sjálfbærari nýtingu vatns, fyrir árslok 2029.**

Ábyrgð: Verkefnisstjóri FFF, verkefnisstjóri hringrásarhagkerfis og uppbyggingar og sveitarfélag.



(Mynd: Frá íbúðingum í Reykhólahreppi, KPH)

Meginmarkmið 3: Frjótt atvinnulíf og mannlíf



- Starfsmarkmið 3.1 **Tvö ný nýsköpunarverkefni byggð á náttúruauðlindum hafi farið af stað í sveitarfélaginu fyrir lok árs 2028.**
Ábyrgð: Íbúar og sveitarfélag.
- Starfsmarkmið 3.2 **Koma á samráðsvettvangi og samtali ferðapjóna um „gæðaferðamennsku“ sem verði kjarninn í framboði á ferðapjónustu sem byggir á sérkennum svæðisins og býður gestum upp á vandaða og eftirminnilega upplifun, fyrir árslok 2026.**
Ábyrgð: Verkefnisstjóri FFF, sveitarfélag og ferðapjónar á svæðinu.
- Starfsmarkmið 3.3 **Leita leiða til að bæta móttöku stærri hópa ferðamanna þar með talið fjölgun gistirýma, fyrir árslok 2028.**
Ábyrgð: Verkefnisstjóri FFF, sveitarfélag og ferðapjónar á svæðinu.
- Starfsmarkmið 3.4 **Skipulag og þróun siglingaleiða og leiðsagnar fyrir ferðamenn og íbúa um eyjar og sker, lok árs 2029.**
Ábyrgð: Félag áhugamanna um Bátasafn Breiðafjarðar á Reykhólum (sem hafa haldið eyjamenningu á lofti) og aðilar kunnugir staðháttum, auk stjórnvalda og sveitarfélags.
- Starfsmarkmið 3.5 **Bjóða íbúum upp á a.m.k. tvo fræðslufyrirlestra og námskeið s.s. í garðrækt, sagnfræði og/eða náttúrufræði fyrir árslok 2027.**
Ábyrgð: Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn FFF, sveitarfélagið og fyrirlesarar.
- Starfsmarkmið 3.6 **Tvö ný sérfræðistörf verði til í samfélaginu fyrir maí 2029, til dæmis fyrir sagnfræðing/ náttúrufræðing/ garðyrkjufraðing.**

Ábyrgð: Sveitarfélag.

Starfsmarkmið 3.7 **Halda fræðslufund fyrir íbúa um varðveislu viðkvæmra og verðmætra vistkerfa s.s. þara og þang, hver, haförnninn, eyjar og sker fyrir lok árs 2026.**

Ábyrgð: Verkefnisstjóri FFF í samráði við sveitarfélag, áhugasamir íbúar og aðrir hagaðilar.

Starfsmarkmið 3.8 **Vinna áætlun um viðhald og uppbyggingu fuglaskoðunar á svæðinu fyrir árslok 2029.**

Ábyrgð: Verkefnisstjóri FFF, sveitarfélag og áhugasamir íbúar.

Starfsmarkmið 3.9 **Varðveita sögu og menningu Reykhólahrepps með því að koma upplýsingum í rit og/eða á stafrænt form til miðlunar, fyrir lok árs 2029.**

Ábyrgð: Verkefnisstjóri FFF, sveitarfélag, áhugahópur um sögu og menningu Reykhólahrepps og héraðsbókasafnið.

Starfsmarkmið 3.10 **Setja fram áætlun um hvernig hægt er að laða að nýja íbúa til búsetu í samfélaginu með markvissum hætti, fyrir maí 2027.**

Ábyrgð: Verkefnisstjóri FFF, sveitarfélag og áhugahópur íbúa um samfélagið.

Starfsmarkmið 3.11 **A.m.k. tvær nýjar afurðir verði komnar framleiðslu og í sölu í maí 2027.**

Ábyrgð: Framleiðendur.

Starfsmarkmið 3.12 **Komið verði upp aðstöðu fyrir heilsuþaðstað fyrir lok árs 2029.**

Ábyrgð: Verkefnisstjóri FFF, hagaðilar og sveitarfélagið.

Starfsmarkmið 3.13 **Kanna möguleika á að gera merkingu á mörkum Dalabyggðar og Reykhólahrepps til að undirstrika staðsetningu byggðarlagsins – hliðið að Vestfjörðum, fyrir lok árs 2026.**

Ábyrgð: Sveitarfélagið.

Starfsmarkmið 3.14 **Fylgja eftir hugmyndum um uppsetningu á smábátahöfn í Flatey, fyrir lok árs 2027.**

Ábyrgð: Sveitarfélagið og Framfarafélag Flateyjar.

Starfsmarkmið 3.15 **Kanna möguleika og fylgja málum eftir varðandi farþegasiglingar á milli Flateyjar og Reykhóla. Fyrir lok árs 2026.**

Ábyrgð: Sveitarfélagið og Framfarafélag Flateyjar.

Starfsmarkmið 3.16 **Viðhalda eldri áningarstöðum og skilgreina og koma upp einum til tveimur nýjum útsýnis-/áningarstöðum á ári hverju á verkefnis tímanum.**

Ábyrgð: Verkefnisstjóri FFF, sveitarfélagið og áhugasamir hagaðilar.



(Mynd: KPH)